

**Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis**  
**GJALDSKRÁ**

**fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit  
á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 52/1988 um eitufeni og hættuleg efni, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæl, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 10.000
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 11.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun. Heimilt er að breyta eftirlitsáætlun hjá einstaka fyrirtæki verði eftirlit frábrugðið s.s. vegna takmarkaðrar starfsemi, vottaðs gæðakerfis eða öflugs innra eftirlits og lækka gjaldið til samræmis. Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur. Um starfsemi sem er eftirlitsskyld og ekki kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, greiðist eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni væri að ræða.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:	
Starfsleyfisgjald	eitt og hálf tímagjald
Auk auglýsingakostnaðar ef við á	

Ný starfsemi:	
Starfsleyfisgjald	tvö tímagjöld
Auk eftirlitsgjalds viðkomandi fyrirtækjaflokks	
Auk auglýsingakostnaðar ef við á	

Önnur leyfi:	
Leyfisgjald	tvö tímagjöld
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs	
ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum skal greiða eitt tímagjald.

6. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og XI. kafla laga nr. 93/1995, með síðari breytingum, skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og aukin eftirlitsverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar, viðauka A, og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallsins innheimtu kostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef aukning umfangs í eftirliti er óveruleg.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftanes xx. xxxx 2012, bæjarstjórn Garðabæjar x. xxxx 2012, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar x. xxxx 2012 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar xx. xxxxx 2012, með vísun til ákvæða 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1214/2011 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

*Garðabæ xx. desember 2012*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri.